

**Ed.**

**252. Nefndarálit**

[65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin er öll meðmælt því, að frumvarpið verði samþykkt, þó að nokkuð greini á í forsendum fyrir þeirri afstöðu.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpinu frá ríkisstjórninni, þegar hún lagði það fram, segir:

„Einn liður í ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru í efnahagsmálum þjóðarinnar, er aukning á bótagreiðslum almannatrygginganna.“

Í sambandi við þessar „ráðstafanir“, sem athugasemdirnar víkja að, svo sem: gengisfellinguna miklu, viðbótarinnflutningsskattinn 8.8%, almenna söluskattinn 3%, vaxtahækkunina og annað, sem hleypir upp dýrtíðinni í landinu nú og á næstu mánuðum fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar, hefur ríkisstjórnin talið, að þær breytingar á lögum almannatrygginganna, sem hún ætlar að stofna til á þessu þingi, muni komast langt í að vega móti dýrtíðarvextinum.

Stjórnin og stuðningslið hennar hefur meira að segja tilkynnt það hástöfum að undanförunu í gjallarhornum sínum, að þeir, sem þarfnist þess mest, fái skaða sinn af völdum dýrtíðarinnar bættan með auknum tryggingabótum.

Það liggur ljóst fyrir, þegar frumvarpið er athugað, að í tilkynningum gjallarhornanna hefur verið um miklar oftúlkanir að ræða.

Menn munu einnig komast að raun um þetta, hver á sínu heimili, þegar allir hinir mýmörgu draugar aukinna útgjalda eru komnir á framfæri heimilanna og heimta þar sinn skammt.

Hins vegar væri fjarstæða af hálfu þeirra, sem beitt hafa sér á móti kreppusköpunar-ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, að hindra framgang þessa bótafrumvarps, þó að það svari alls ekki til þess, sem stjórnin hefur viljað vera láta.

Almannatryggingar eru — og eiga að vera — traust og hlíf fólks, sem miður má sín efnalega sökum vanþroska, elli, slysa, sjúkdóma eða ómegðar.

Því betur sem almannatryggingum er fyrir komið, því mannúðlegra er þjóðfélagið og því minni hættu á, að nokkur verði að þjást vegna skorts, þó að óhöpp hendi.

Íslendingar hafa verið að byggja upp almannatryggingar sínar á undanförunum árum og miðað allvel í því. Framfarir á sviði atvinnumála hafa auðveldað þetta.

Vinstri stjórnin skipaði nefnd 1958 til þess að endurskoða vissa þætti löggjafarinnar um almannatryggingar í því skyni að auka þær.

Sú nefnd gerði tillögur um hækkun bóta, sem vafalaust hefðu náð fram að ganga, ef vinstri stjórnin hefði ekki í þeim svifum rofnað af öðrum ástæðum.

Enn fremur skipaði fyrrverandi stjórn aðra nefnd til þess að endurskoða í lögnum kaflann um slysabætur.

Sú nefnd skilaði álit í nóv. s. l., svo sem greinir frá í athugasemdum með frumvarpinu.

Báðar þessar nefndir miðuðu, eins og fyrir þær var lagt, tillögur sínar við eðlilega þróun trygginganna.

Þáttur núverandi ríkisstjórnar er sá einn að gripa tillögur nefndanna, hækka þær yfirleitt dálítið, bæta við þær „þriggjabarnakerfinu“ og taka þær síðan í heild til sinna þarfa við að draga úr áhrifum af sínum eigin óþurftarverkum í garð hlutaðeigandi bótaþega.

Breytingarnar á tryggingalöggjöfinni eru því að þessu sinni mestmegnis gerðar til að draga úr versnandi hag bótaþega og geta þar af leiðandi því miður ekki talizt til sannra framfara í tryggingamálum þjóðarinnar.

Aukning bótaþega er gerð til að ganga upp í samhliða tilbúna kjaraskerðingu.

Mest vitnar ríkisstjórnin til þess, að hún auki fjölskyldubætur, enda er á þeim lið um hæstu fjárfúlgu til aukningar að ræða, en það stafar af því, að teknar eru upp fullar fjölskyldubætur með 1. og 2. barni. Kosta bæturnar með 1. og 2. barni, að talið er, í nýjum framlögum um 100 milljónir króna. Eitthvað er að orðið, þegar talið er nauðsynlegt að greiða fullar tryggingabætur með 1. og 2. barni. Enginn vafi er á því, að þær bætur falla ekki í hverju tilfelli í skaut þeirra, sem mesta þörf hafa og harðast verða leiknir af kjaraskerðingarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Það liggur í augum uppi, að útreikningar ríkisstjórnarinnar um áhrif fjölskyldubótahækkunarinnar á hag fólks til jafnaðar eru mjög ónákvæmir og villandi, af því að hækkunin verður hlutfallslega mest hjá þeim, er fæst börn eiga.

Með hækkun fjölskyldubótanna, eins og hún kemur niður, er því fremur ólánlega klórað í hakkann.

Reynslan á Alþingi því, er nú situr, hefur orðið sú, að það gagnar lítið, þó að stjórnarandstaðingar flytji breytingartillögur við frumvörp núverandi ríkisstjórnar. Þær eru felldar, hvernig sem þær eru.

Ég mun því ekki freista þess að flytja nema eina breytingartillögu. Sú breytingartillaga er miðuð við að tryggja það, að þau tryggingarumdæmi, sem þess óska, verði færð á milli verðlagssvæða. Eins og lagaákvæði þau hljóða, sem nú gilda, er heimilt að færa sveitarfélög milli verðlagssvæða, ef sveitarstjórnir fara þess á leit. En sá galli er á að færa sveitarfélag af öðru verðlagssvæði á fyrsta verðlagssvæði, að færslan hefur áhrif á útgjöld til trygginganna fyrir öll sveitarfélög í tryggingarumdæmi þess. Þetta getur valdið því, að heimildin verði ekki notuð, þó að einstök sveitarfélög óski.

Aftur á móti eru ekki sömu annmarkar á um færslu tryggingarumdæma milli verðlagssvæða. Tel ég því rétt, að þeim sé algerlega í sjálfvald sett, meðan verðlagssvæðin eru tvö, hvoru þau vilja heldur tilheyra.

Leyfi ég mér þess vegna að flytja eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Framan við greinina komi:

Aftan við 1. málgr. 10. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Skylt er að færa tryggingarumdæmi milli verðlagssvæða, komi fram um það ákveðnar óskir frá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

Alþingi, 29. marz 1960.

Karl Kristjánsson.